

# Fundargerð 392. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2017, föstudaginn 17. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ásta Björg Pálmadóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Steinþór Pétursson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2017 - 1702001HA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 391. fundar frá 23. janúar 2017.

*Fundargerð samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

**2. Áhrif úrsagnar Bretlands úr ESB á íslenska hagsmuni - óskað umsagnar - 1701005HA**

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins, dags. 13. febrúar 2017, um kortlagningu áhrifa úrsagnar Bretlands úr ESB.

**3. Kynning á starfsemi hafna - 1611008HA**

Rætt um næstu skref í kynningarmálum.

*Framkvæmdastjóra falið að hefja verkefnið.*

**4. Vorfundur 2017 - 1701003HA**

Gert grein fyrir fyrirhuguðum vorfundi hafnasambandsins 2017 sem verður á Snæfellsnesi 22.-23. maí nk.

**5. Hafnafundur 2017 - 1610005HA**

Formaður fræðslunefndar gerði grein fyrir hugmyndunum. Lagðar fram hugmyndir frá fræðslunefnd að umræðuefni á hafnafundi 2017 sem haldinn verður á Húsavík 21. september nk. Formaður fræðslunefndar gerði grein fyrir hugmyndunum.

*Fræðslunefnd og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að dagskrá hafnafundarins.*

6. **Tilraunaverkefni um meðhöndlun sorps ásamt móttöku og flokkun í höfnum. - 1605003\_1HA**

Rætt um kynningarfund sem hluti af stjórn hafnasambandsins mun sitja föstudaginn 17. febrúar um hugbúnaðarlausnir fyrir sorpmál skipa og hafna.
7. **Bláfáninn - Umhverfissvottun fyrir smábátahafnir, baðstrendur og þjónustuaðila í sjávarferðamennsku - 1702002HA**

Lögð fram til kynningar skýrsla um endurskoðun og mat á bláfánaverkefni Landverndar 2016.
8. **Norrænt samstarf - upplýsingaskipti í tengslum við innviði vegna umhverfissvænna orku- og eldsneytisláusna - 1702003HA**

Lagður fram tölvupóstur, dags. 14. febrúar 2017, frá Hafinu sem er öndvegissetur um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins. Í erindinu er óskað eftir aðkomu hafnasambandsins að norrænu samstarfsverkefni sem Hafið stendur fyrir.

*Stjórn hafnasambandsins lýsir yfir ánægju sinni með verkefnið og er tilbúið að gefa ábendingar og endurgjöf á það efni sem sett verður fram. Jafnframt er óskað eftir að verkefnið verði betur skilgreint áður en tekin verði ákvörðun um beina þátttöku hafnasambandsins að því.*
9. **Drög að breyttum reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa - óskað umsagnar - 1702005HA**

Lagður fram tölvupóstur frá innanríkisráðuneytinu, dags. 15. febrúar 2017, þar sem kynnt eru drög að breyttum reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa. Óskað er eftir að umsagnir berist fyrir 28. febrúar nk.

*Hafnasambands Íslands gerir engar athugasemdir við breytingarnar.*
10. **Framlög til hafnaframkvæmda í fjárlögum 2017 - 1612002HA**

Lagt fram bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 14. febrúar 2017, þar sem ráðuneytið svarar fyrirspurn hafnasambandsins um hve mikið framlag ríkisins verður til framkvæmda í höfnum árið 2017.

*Samþykkt að senda svar ráðuneytisins á aðildarhafnir og óska eftir fundi með ráðherra.*

Fundi var slitið kl. 12:50

---

Ásta Björg Pálmadóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Sigrún Árnadóttir

---

Steinþór Pétursson

---

Björn Arnaldsson

---

Lúðvík Geirsson